



Mars 2024

Ágætu félagar

Aðalfundur félagsins verður haldinn 2. maí n.k. kl. 15:30 í Varmárskóla og verður auglýstur betur þegar nær dregur. Ef þið hafið áhuga að starfa í stjórn eða viljið koma fram með lagabreytingar þá hvet ég ykkur til að vera í sambandi við undirritaða. Lög félagsins má finna á heimasíðunni, uppbygging.is undir flípanum Um félagið. Auk hefðbundinna aðalfundastarfa verður boðið upp á nokkur stutt erindi. Fundurinn verður rafrænn fyrir þá sem ekki eiga heimangengt og verður slóðin birt á FB síðu félagsins þegar nær dregur.

Stjórn félagsins er þessa dagana að hefja skipulagningu sumarnámskeiða og verða þau auglýst á vordögum. EF þið hafið áhuga á að fá námskeið eða styttri fræðslufundi þá skuluð þið endilega vera í samandi sem fyrst því oft er mikið að gera hjá leiðbeinendum okkar í ágúst.

Rebecca Gray, leiðbeinandi frá Kanada, verður með námskeið á vegum félagsins Uppbygging sjálfsaga í Restitution II dagana 7.-8. okt. og Control Theory 10.-11. okt. Námskeiðin verða haldin í „Hlöðunni“ Gufunesbæ, Reykjavík.

Þessi námskeið verða auglýst á heimasíðu félagsins og mikilvægt að tryggja sér sæti um leið og opnað verður fyrir skráningu. Greiða þarf staðfestingargjald.

Ég vona að ykkur gangi vel að tengja uppbygginguna við vinnu ykkar með nemendum og starfsfólki. Vinna með farsæld barna og frumvarp sem liggur fyrir um inngildandi menntun passa svo sannarlega vel við Uppbyggingu sjálfsaga – uppeldi til ábyrgðar. Með Uppbyggingunni erum við ekki eingöngu að kenna nemendum um tilfinningar og líðan. Við gefum þeim líka verkfæri til að takast á við það sem upp kemur í samskiptum og stuðlum þannig að aukinni velferð einstaklinga.

Höldum áfram að gera okkar besta með nemendum okkar og starfsfólki í virkri Uppbyggingu.

Njótið vorkomunnar

Með bestu kveðjum f.h. stjórnar

Guðbjörg M. Sveinsdóttir, formaður félagsins Uppbygging sjálfsaga

Netfang: gudbjorgmsv@gmail.com